

# Vísindamenn fordæma fræðslu- mynd sjávarútvegsráðuneytisins

## Ráðuneytið gerir ráð fyrir dauðblóðgun þorsks sem sjálfsögðum hlut

■ Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins hefur gagnrýnt þau vinnubrögð sem sjávarútvegsráðuneytið sýnir til fyrimyndar í vinnslu í myndinni, „Á fiski-slóð“ og vitnar þar til rannsókna sem sýna að vinnubrögð sem þarna eru sýnd minnka verðmæti fisksins verulega.

Það atriði sem hér er átt við

er þegar skipverjar á togaranum Kolbeinsey taka inn 40 tonna hal af þorski. Segir í fréttatilkynningu Rannsóknarstofnunarinnar að svo sé af myndinni að skilja að lítið sé við þessi vinnubrögð að athuga. Um þessi vinnubrögð segir Rannsóknarstofnunin:

„Gera má ráð fyrir að það taki 12 menn u.þ.b. 8 klst. að

	% í 1. gæðaflokk		% í háan gæðaflokk	
	Ferskfiskur	Saltfiskur	Fryst flök	
Lifandi blóðgæður	98.4	91.8	70.5	
Dauðblóðgæður (4 klst)	63.3	58.3	18.3	
Verðhækkun	12.3%			


■ Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins segir að í fræðslumynd um veiðar og meðferð afla sé beinlínis gert ráð fyrir að stór hluti afla sé dauðblóðgæður en taflan hér að ofan sýnir verðmætaryrningun sem af því verður.

## Háskólinn: Brautskráning í dag

■ Í dag fer fram brautskráning kandiðata frá Háskóla Íslands og hefst athöfnin í hátíðarsal háskólans kl. 14.00. Að þessu sinni verða brautskráðir 52 kandiðatar, þar af fimmtán í viðskiptagreinum, tólf í raungreinum og sjö úr heimspeki-deild.

blóðga og slægja 40 tonn af þorski. Þannig hafa a.m.k. 20 tonn af umræddum fiski legið óaðgerð í móttöku skipsins í meira en 4 klst.“ Þá vitnar stofnunin til rannsókna sinna sem sýna verulega verðmætaryrningun á fiski sem er dauðslögður, þ.e. slægður fjórum tímum eftir hal.

Eru það tilmæli Rannsóknarstofnunarinnar að fræðslumyndin verði lengd og gerð grein fyrir þessu atriði sérstaklega. Sem kunnugt er var umrædd mynd sýnd í sjónvarpi 20. þessa mánaðar.



■ Páll Guðmundsson við eina af höggmyndum sínum.

NT-mynd: Sverrir

## Kjarvalsstaðir:


# Höggmyndir úr Húsafellsgrjóti

■ Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á höggmyndum eftir Pál Guðmundsson á Húsafelli. Páll vinnur verk sín í grjóti sem komið er úr Bæjargilinu við Húsafell og er hvergi

annars staðar að finna að því er segir í sýningarskrá.

Páll Guðmundsson stundaði nám við Myndlista og handíðaskólann á árunum 1977-1982 þar sem kennari hans í högg-

myndum var Sigurgeir Haraldsson og einnig nam hann höggmyndalist hjá Hallsteini Sveinsyni. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar og verið með á samsýningum.



■ Rut Rebekka

NT-mynd: Sverrir

## Rut Rebekka á Kjarvalsstöðum

■ Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Rutar Rebekku myndlistarkonu, og sýnir hún 43 myndir unnar í olíu, silkiprykk og akrýl.

Rut stundaði nám í Myndlistarskólunum í Reykjavík 1975-

78 og brautskráðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1982. Hún hefur tekið þátt í samsýningum hérlendis og í Bandaríkjunum og haldið einkasýningar hér heima og í Viborg í Danmörku.

## Viðskiptaráðuneytið:

# Lagasetning um verðbréf á næsta leiti


■ Viðskiptaráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að semja reglur um meðferð og sölu skuldabréfa. Nefndinni er falið að athuga hvort rétt sé að binda starfsemi verðbréfamiðlara við sérstakt starfsleyfi, svo og hvort ástæða sé til að herða eftirlit með þessum viðskiptum, m.a. með kröfum um nafnaskráningu skuldabréfa og upplýsingaskyldu verðbréfamiðlara gagnvart almenningi og stjórnvöldum.

Þessar upplýsingar koma fram í frétt frá viðskiptaráðu-

neytinu. Nefnd þeirri sem komið var á laggirnar er einnig ætlað að kanna skattalega meðferð skuldabréfa og koma með tillögur til úrbóta í því efni.

Formaður nefndarinnar er Sigurgeir Jónsson, aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum. Aðrir nefndarmenn eru: Árni Kolbeinsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Eyjólfur K. Jónsson, alþingismaður, Gestur Jónsson, hrl., og Markús Sigurbjörnsson, lögfræðingur.

# Frábærar tertur



Fyrir aðeins 390 kr.

Opið alla helgina  
Sími 30580

Bakaríið KRINGLAN  
Starmýri 2